

# Fjármálaeftirlitið

## Ársreikningur 2012

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	3
Staðfesting ríkisendurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um starfsemi þess gilda ennfreður lög nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlög um starfsemi á fjármálamarkaði.


Samkvæmt rekstrarreikningi var tekjuafgangur 288,7 m.kr. á árinu 2012. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok voru eignir 681,0 m.kr., skuldir 58,1 m.kr. og eigið fé 622,9 m.kr.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um framsetningu reikningsskila stofnana sem falla undir A-hluta ríkissjóðs.

Stjórn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.


Reykjavík, júní 2013

Stjórn



Aðalsteinn Leifsson  
formaður.

  
Margrét Einarsdóttir

  
Arnór Sighvatsson.

Forstjóri

  
Unnur Gunnarsdóttir

## Staðfesting ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Fjármálaeftirlitsins og Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytis.

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjármálaeftirlitsins á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 21. júní 2012



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Tekjur</b>			
Tekjur af eftirlitsgjaldi .....	1	1.879.792.000	1.642.716.557
Aðrar tekjur .....	2	48.167.129	37.360.169
		<u>1.927.959.129</u>	<u>1.680.076.726</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	1.276.171.636	1.074.475.956
Úrskurðarnefndir .....	4	18.428.252	11.659.789
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	93.564.420	115.184.462
Funda- og ferðakostnaður .....	6	34.042.802	34.985.192
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	7	143.619.906	169.867.329
Rekstur tækja og áhalda .....	8	24.063.549	26.880.183
Annar rekstrarkostnaður .....	9	16.993.746	27.844.708
Húsnæðiskostnaður .....	10	105.684.037	79.714.665
Tilfærslur .....	11	406.054	130.975
		<u>1.712.974.402</u>	<u>1.540.743.259</u>
Eignakaup .....	12	32.506.225	72.211.644
		<u>1.745.480.627</u>	<u>1.612.954.903</u>
<b>Rekstrarafgangur</b>		182.478.502	67.121.823
Fjármunatekjur .....	13	38.202.032	24.253.126
<b>Tekjuafgangur / (halli) fyrir ríkisframlag</b>		220.680.534	91.374.949
Ríkisframlag .....		68.000.000	0
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<u>288.680.534</u>	<u>91.374.949</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr.	2012	2011
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		168.737.534	174.052.920
Aðrar skammtímakröfur .....		6.240.125	7.416.898
Handbært fé .....		506.049.234	203.502.982
		<u>681.026.893</u>	<u>384.972.800</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>681.026.893</u>	<u>384.972.800</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		334.227.910	242.852.961
Tekjuafgangur ársins .....		288.680.534	91.374.949
	<b>Eigið fé</b> 15	<u>622.908.444</u>	<u>334.227.910</u>
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	14	129.849	3.570.457
Skammtímaskuldir .....		47.160.228	44.979.507
Aðrar skammtímaskuldir .....		10.828.372	2.194.926
	<b>Skuldir</b>	<u>58.118.449</u>	<u>50.744.890</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>681.026.893</u>	<u>384.972.800</u>

## Sjóðstreymi árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur ársins.....		288.680.534	91.374.949
	<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>288.680.534</u>	<u>91.374.949</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun.....		6.492.159	( 81.152.058)
Viðskiptaskuldir hækkun.....		10.814.167	10.726.485
		<u>17.306.326</u>	<u>( 70.425.573)</u>
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	305.986.860	20.949.376
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs, tekjur af eftirlitsgjaldi.....		1.947.792.000	1.642.716.557
Greitt úr ríkissjóði.....		(1.951.232.608)	(1.644.564.848)
	<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<u>( 3.440.608)</u>	<u>( 1.848.291)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé.....</b>		302.546.252	19.101.085
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<u>203.502.982</u>	<u>184.401.897</u>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u>506.049.234</u>	<u>203.502.982</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

### Skráning tekna

Stofnunin innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldum aðilum og er innheimtan skráð í innheimtukerfi ríkisins. Sértekjur Fjármálaeftirlitsins eru skráðar í bókhald við greiðslu innan ársins. Í lok árs eru óinnheimtar tekjur, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færðar í rekstrarreikning og til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð þegar reikningar koma í hús. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning sem gjöld og til skuldar í efnahagsreikningi. Stuðst er við rafrænt samþykktarferli.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.



## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Fjármálaeftirlitið sér sjálft um færslu bókhalds og greiðslur, innheimtu gjalda af eftirlitsskyldum aðilum og allan launaundirbúning en launakeyrsilan er hjá Fjársýslu ríkisins.

### Fjárheimildir og rekstur

Framlög til Fjármálaeftirlitsins byggjast á mörkuðum tekjum, þ.e. eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt fjárlögum 2012 voru markaðar tekjur áætlaðar 1.935,0 m.kr. Þá voru sértekjur áætlaðar 15,0 m.kr. eða samtals 1.950,0 m.kr. Gjöld vegna almenns rekstrar voru áætluð 1.950,0 m.kr. Ekki var gert ráð fyrir hagnaði á árinu.

Samkvæmt fjárukalögum var ríkisframlag hækkað um 68,0 m.kr. vegna kostnaðar Fjármálaeftirlitsins í tengslum við vinnu vegna aðgerða á grundvelli neyðarlaga, nr. 125/2008.

Rekstrartekjur námu 2.039,4 m.kr. rekstrargjöld 1.750,7 m.kr. sem er 288,7 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik
Eftirlitsgjald .....	(1.935.000)	(1.935.000)	(1.879.792)	(55.208)
Framlag úr ríkissjóði .....		(68.000)	(68.000)	0
Aðrar tekjur .....	(15.000)	(15.000)	(91.624)	76.624
Tekur samtals	(1.950.000)	(2.018.000)	(2.039.416)	21.416
Laun og launatengd gjöld .....	1.432.100	1.432.100	1.294.600	137.500
Önnur rekstrargjöld .....	507.900	575.900	423.223	152.677
Tilfærslur .....	6.700	6.700	406	6.294
Eignakaup .....	3.300	3.300	32.506	(29.206)
Gjöld samtals	1.950.000	2.018.000	1.750.735	267.265
	0	0	(288.681)	288.681

## Skýringar

### Sundurliðanir

#### 1. Tekjur af eftirlitsgjaldi

Tekjur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til Fjármálaeftirlitsins jukust um 237,1 m.kr. á milli ára eða 14,4%.

#### 2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur skiptast í tekjur vegna úrskurðarnefnda og ýmsar tekjur. Tekjur vegna úrskurðarnefnda jukust um 6,7 m.kr. eða 58,0 %. Ýmsar tekjur jukust um 4,0 m.kr. milli ára eða um 15,7%. Hér er að mestu um að ræða tekjur vegna þjónustu samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, s.s. vegna lýsinga og starfsleyfa.

	2012	2011
Tekjur vegna úrskurðarnefnda .....	18.428.252	11.659.789
Ýmsar tekjur .....	29.738.877	25.700.380
	<u>48.167.129</u>	<u>37.360.169</u>

#### 3. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Laun- og starfsmannakostnaður hækkaði um 201,7 m.kr. eða 18,8% á milli ára en að teknu tilliti til fjölgunar stöðugilda hækkaði hann um 4,4%. Stöðugildum fjölgaði um 14,4 og urðu 119 á árinu 2012 en voru 104,6 á árinu 2011. Laun og launatengd gjöld vegna stjórnarmanna að fjárhæð 19,9 m.kr. eru meðtalin í framangreindum launakostnaði en þau lækka um 2,2 m.kr. á milli ára eða um 11,1%. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna .....	683.664.671	543.571.448
Yfirvinna .....	280.599.202	246.395.321
Orlof .....	6.803.580	5.659.730
Aukagreiðslur .....	42.045.883	48.657.304
Önnur laun .....	9.860.975	9.018.545
Launatengd gjöld .....	236.952.423	203.041.879
Starfsmannakostnaður .....	16.244.902	18.131.729
	<u>1.276.171.636</u>	<u>1.074.475.956</u>

## Skýringar

### 4. Úrskurðarnefndir

Á árinu 2012 varð 6,8 m.kr. hækkun á kostnaði vegna úrskurðarnefnda eða 58,0%. Fjármálaeftirlitið leggur út fyrir launum nefndarmanna í Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en innheimtir síðan kostnaðinn hjá váttryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið stendur auk þess straum af kostnaði við vistun nefndanna.

	2012	2011
Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, 540 mál .....	9.076.960	10.593.739
Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, 115 mál .....	9.351.292	1.066.050
	<u>18.428.252</u>	<u>11.659.789</u>

### 5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 21,6 m.kr. á milli ára eða 18,8%. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af 28,0 m.kr. lækkun á liðnum afnotagjöld/leyfisgjöld en aðrir liðir hækka um samtals 2,2 m.kr. eða 10,0%.

Afnotagjöld / leyfisgjöld .....	43.586.915	71.553.277
Skrifstofuvörur .....	4.937.347	3.268.445
Tímarit, blöð og bækur .....	1.512.859	1.775.627
Auglýsingar og kynningar .....	4.508.552	4.818.751
Símagjöld .....	9.833.629	8.361.529
Útgáfustarfsemi .....	2.051.516	1.669.495
Burðargjöld .....	1.714.796	2.366.589
Erlent samstarf .....	25.418.806	21.313.849
Annar kostnaður .....	0	56.900
	<u>93.564.420</u>	<u>115.184.462</u>

### 6. Funda- og ferðakostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður lækkaði um 0,9 m.kr. eða 2,7% á milli ára. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af hækkun á liðnum „annar kostnaður“ sem hækkaði um 2,1 m.kr. eða um rúman helming en þar vegur þýngst þátttaka í erlendu samstarfi.

Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	28.625.475	28.581.796
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	274.640	1.242.017
Funda-, námskeiðs- og ráðstefnugjöld .....	281.601	1.615.529
Akstur .....	1.110.720	1.887.120
Annar kostnaður .....	3.750.366	1.658.730
	<u>34.042.802</u>	<u>34.985.192</u>

## Skýringar

### 7. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkaði um 26,2 m.kr. á milli ára eða 15,5%. Reynt hefur verið að gæta aðhalds í þessum lið og sérfræðingar hafa verið ráðnir inn í stofnunina sem starfsmenn sem lækkað hefur sérfræðikostnaðinn.

	2012	2011
Sérfræðiþjónusta .....	98.347.866	125.188.908
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta .....	45.272.040	44.678.421
	<u>143.619.906</u>	<u>169.867.329</u>

### 8. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður vegna reksturs tækja og áhalda lækkaði um 2,8 m.kr. eða 10,5% á milli ára. Sú breyting hefur orðið að nú er tölvubúnaðurinn keyptur í stað þess að taka hann á leigu. Rekstrarsamningarnir sem enn eru í gangi klárast á árinu 2013.

Rekstrarleiga tækja og búnaðar .....	18.968.218	22.725.907
Smátæki og áhöld .....	3.834.503	3.947.530
Viðgerðir og viðhald .....	1.260.828	206.746
	<u>24.063.549</u>	<u>26.880.183</u>

### 9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 10,9 m.kr. á milli ára eða um 39,0%. Munar hér mestu um að á árinu 2011 voru kröfur færðar niður um 3,6 m.kr., kostnaður til Framkvæmdasýslu ríkisins vegna útboðs á núverandi húsnæði var 3,5 m.kr. á árinu 2011 og þá hefur kostnaður vegna sendibíla lækkað um 3,6 milli ára. Munar þar mestu um áhrif kostnaðar vegna flutnings á núverandi starfsstöð FME.

Máltíðir og matvæli .....	14.049.923	13.695.098
Hreinsun og gagnaeyðing .....	456.962	641.015
Aðkeyptur akstur, flutningar og annar bifreiðakostnaður .....	740.088	4.575.097
Ýmis önnur þjónustugjöld og rekstrarvörur .....	1.706.773	5.285.993
Bætur .....	40.000	0
Tapaðar kröfur .....	0	3.647.505
	<u>16.993.746</u>	<u>27.844.708</u>

## Skýringar

### 10. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 26,0 m.kr. á milli ára eða 32,6%. Húsaleiga hækkaði um 16,5 m.kr. sem skýrist af því að stofnunin er komin í stærra húsnæði. Húsaleigan byggist á föstum samningi sem bundinn er vísitölu neysluverðs. Annar húsnæðiskostnaður hækkar um 10,7 m.kr. milli ára og skýrist hækkunin af kaupum á kæliröftum sem eru sérhannaðir fyrir húsnæðið.

	2012	2011
Leigugjöld .....	68.013.362	51.501.457
Prif og sorphirða .....	4.473.468	6.599.607
Orka .....	1.630.780	2.479.271
Viðhald fasteigna .....	1.562.374	1.881.072
Öryggisgæsla .....	122.483	985.746
Annar húsnæðiskostnaður .....	23.124.370	12.438.198
Sameiginlegur húsnæðiskostnaður .....	6.757.200	3.829.314
	<u>105.684.037</u>	<u>79.714.665</u>

### 11. Tilfærslur

Tilfærslur námu um 0,4 m.kr., en helmingur þeirra eru styrkir til ýmissa félagasamtaka og hinn helmingurinn er styrkur vegna ráðstefnu í Hörpu um innistæður og bankakreppur.

### 12. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 39,7 m.kr. milli ára eða 55,0%. Á árinu 2011 þurfti að kaupa inn ný húsgögn fyrir stofnunina þegar flutt var í nýtt húsnæði.

Tölvubúnaður .....	13.614.186	15.134.087
Húsgögn .....	15.642.700	50.359.707
Skrifstofubúnaður og önnur tæki .....	3.249.339	6.717.850
	<u>32.506.225</u>	<u>72.211.644</u>

### 13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur .....	43.456.401	29.129.829
Fjármagnstekjuskattur .....	( 4.471.560)	( 2.942.696)
Vaxtagjöld .....	( 782.809)	( 1.934.007)
	<u>38.202.032</u>	<u>24.253.126</u>

## Skýringar

### Annað

#### 14. Staða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð er neikvæð um 0,1 m.kr. í árslok 2012 en var neikvæð um 3,6 m.kr. í árslok 2011.

#### 15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2012 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 622,9 m.kr. og hafði hækkað um 288,7 m.kr. frá árinu áður eða sem nam tekjuafgangi ársins.

##### Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2012 .....	334.227.910
Tekjuafgangur .....	288.680.534
Höfuðstóll 31. desember 2012 .....	<u>622.908.444</u>

#### Kennitölur

##### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	1.971.416	1.709.207	1.292.707	828.213	971.947
Rekstrargjöld .....	(1.718.229)	(1.545.620)	(1.228.011)	(1.178.629)	(1.065.510)
Stofnkostnaður .....	(32.506)	(72.212)	(10.582)	(7.688)	(14.798)
Tekjuafgangur	<u>220.681</u>	<u>91.375</u>	<u>54.114</u>	<u>(358.104)</u>	<u>(108.361)</u>
Ríkisframlag .....	68.000	0	0	18.500	549.000
(Tekjuhalli) /tekjuafgangur	<u>288.681</u>	<u>91.375</u>	<u>54.114</u>	<u>(339.604)</u>	<u>440.639</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	<u>681.027</u>	<u>384.973</u>	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>
Eignir alls	<u>681.027</u>	<u>384.973</u>	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>
Höfuðstóll .....	622.908	334.228	242.853	188.739	528.344
Skammtímaskuldir .....	58.118	50.745	41.867	132.299	242.649
Eigið fé og skuldir alls	<u>681.027</u>	<u>384.973</u>	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>